

2. fundur stjórnar Reykjanes jarðvangs ses. haldinn í Eldey, Ásbrú 18. Janúar 2013 kl. 11:00.

Mætt eru: Magnús Stefánsson, Helgi Haraldsson, Berglind Kristinsdóttir, Þorsteinn Gunnarsson og Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri)

Forföll boðuðu: Róbert Ragnarsson

1. Breytingar á stjórn og varastjórn

Ferðamálasamtök Suðurnesja hafa tilnefnt Þorstein Gunnarsson sem aðalmann í stjórn og Sævar Baldursson til vara. Grindavíkurbær hefur tilnefnt Kristínu Maríu Birgisdóttur sem varamann í stjórn. Stjórn þakkar þeim Kristjáni Pálssyni og Óskari Sævarssyni fyrir þeirra framlagt í þágu uppbyggingar jarðvangsins.

2. Staða fjármála

Eggert og Berglind fóru yfir stöðu fjármála. Reksturinn hefur verið tryggður út árið 2013. Stefnt er að því að auka sýnileika jarðvangsins á árinu. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 verður lögð fram á næsta fundi.

3. Styrkur úr Þróunarsjóði ferðamála

Reykjanes jarðvangur fékk styrk að upphæð 3.450.000 kr. til að vinna að uppbyggingu jarðvangs á Reykjanesi með það að markmiði að auka vöruframboð fyrir ferðamenn á svæðinu á jaðartímum á svæðinu ásamt GeoCamp Iceland. Markmiðið er að ferðapjónustufyrirtæki á Suðurnesjum komi að þeirri vinnu. Eggert lagði fram drög að verk- og fjárhagsáætlun.

3. Jarðvangsvika í vor

Eggert falið að leggja fram drög að tímasetningu og dagskrá á næsta fundi.

4. Ráðstefnur í haust

Rætt um 4. alþjóðlegu jarðferðapjónusturáðstefnuna sem fram fer á Reykjanesi í lok ágúst og 12. ársfund European Geoparks Network sem fram fer á Ítalíu í byrjun september. Meðal þess sem síðarnefnda ráðstefnan leggur áherslu á er „Geoparks and geo-hazards“ og „Geoparks and sustainable use of natural resources“.

5. Skilti og merkingar

Samþykkt að setja upp upplýsingaskilti um jarðvanginn í öllum sveitarfélögum í vor. Rætt um frekari merkingar á jarðminjastöðum.

6. Önnur mál

Eggert falið að hefja stefnumótunarvinnu fyrir jarðvanginn í samræmi við þau fyrirheit sem gefin voru í aðildarumsókn að EGN.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:13.

Fundargerð ritaði: ESJ